

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Suðurlhafnar – Fornubúðir 5.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti 27. apríl 2017 breytingu á deiliskipulagi Suðurlhafnar. Deiliskipulagsbreytingin heimilar að reist verði skrifstofu- og þjónustuhús á lóðinni nr. 5 við Fornubúðir, breytta hámarkshæð bygginga og húsagerð, stækkun byggingarreits, aukið nýtingarhlutfall lóðarinnar og heimild til byggingar bílakjallara.

Deiliskipulagið var auglýst frá 28. febrúar 2017 til 11. apríl 2017. Ein athugasemd barst.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 23. maí 2017.

Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 26. maí 2017